



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Áform um breytingu á almennum hegningarlögum (vændiskaup) – DMR26050204
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	8. júní 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**

Fyrirhugað er að gera breytingar á 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að afnema sektir sem viðurlagategund við vændiskaupum. Ákvæðin þykja þjóna illa þeim tilgangi sínum að draga úr eftirspurn eftir vændi, þar sem vændiskaup varða sektum í framkvæmd nema um ítrekuð brot sé að ræða. Sambærilegar breytingar voru gerðar í Svíþjóð árið 2025.

Áform um lagasetningu liggja fyrir en ekki hefur verið tekin ákvörðun um útfærslu fyrrnefndra breytinga. Ekki liggur fyrir fjárhagsgreining vegna breytinganna en við útfærslu í frumvarpi verða kostnaðaráhrif metin með ítarlegum hætti í takt við þá leið sem verður farin í útfærslu verkefnisins. Það bendir þó allt til að breytingarnar hafi ekki teljandi fjárhagsáhrif á ríkissjóð.

2. **Tekjubreytingar.**

Engar breytingar á ríkistekjum vegna fyrirhugaðra breytinga.

3. **Útgjaldabreytingar.**

Sjá umfjöllun við lið nr. 1 hér að framan.

4. **Eignabreytingar.**

Ekki er gert ráð fyrir breyttri eignastöðu verði fyrirhugað frumvarp að lögum.

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.**

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugað lagafrumvarp hafi frekari áhrif á ríkisfjármál en þau sem hafa verið nefnd hér að framan.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Fyrstu vísbendingar gefa til kynna að óverulegar breytingar verði á gjaldahlið ríkissjóðs verði fyrirhugað frumvarp lögfest. Að öðru leyti eru núverandi verkefni og málsmeðferð fjármögnuð hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Sjá svar við lið 1 hér að framan.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

Þær breytingar sem stendur til að gera á hegningarlögum hafa ekki áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað eða samkeppni þannig að úr verði efnahagsáhrif.

D. Önnur áhrif

- 1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**
Breytingar á hegningarlögum sem fyrirhugað er að ná fram hafa ekki áhrif á fjárhag sveitarfélaga.
- 2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**
Fyrirhugaðar lagabreytingar hafa ekki áhrif á frelsi til þjónustuveitingar skv. reglum ESB.
- 3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**
Fyrirhugaðar lagabreytingar hafa ekki áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu.
- 4. Áhrif á byggðalög.**
Fyrirhugaðar lagabreytingar hafa ekki áhrif á byggðalög.
- 5. Áhrif á frjáls félagasamtök.**
Samþykkt frumvarpsins gæti styrkt frjáls félagasamtök við það að aðstoða fólk við að komast út úr vændi en það gæti jafnframt aukið eftirspurn eftir þjónustu frjálsra félagasamtaka.
- 6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.**
Samþykkt frumvarpsins mun hafa þau áhrif að draga úr eftirspurn eftir vændi en vændi endurspeglar meðal annars valdaójafnvægi milli kynja. Áhrifin verða líka þau að með frumvarpinu er það undirstrikað að líkami kvenna sé ekki söluvara.
- 7. Áhrif á lýðheilsu.**
Óviss áhrif en verða greind með betri hætti í endanlegu áhrifamati.
- 8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**
Óviss áhrif en verða greind með betri hætti í endanlegu áhrifamati.
- 9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**
Fyrirhugaðar lagabreytingar hafa ekki áhrif.
- 10. Áhrif á stjórnslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**
Ætla má að lögregla og ákærvald verði fyrir einhverjum áhrifum en benda má á að lögregla hefur kallað eftir því að ákvæðinu verði breytt.
- 11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**
Ætla má að breytingin verndi sérstaklega viðkvæma hópa sem útsettir eru fyrir ofbeldi, mansali og misnotkun.
- 12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.**
Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar hafi áhrif hér á.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

- 1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir rikissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**
Fyrirhugað er að gera breytingar á 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að afnema sektir sem viðurlagategund við vændiskaupum. Breytingarnar hafa ekki

verið kostnaðarmetnar en það er þó gert ráð fyrir því að útgjaldaáhrif á ríkissjóð verði ekki teljandi. Við gerð frumvarps og nánari útfærslu verða fjárhagsleg áhrif metin með ítarlegum hætti.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat). |

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?
|